



507. fundur stjórnar SASS
haldinn í stjórnsýsluhúsinu að Borg í
Grímsnes- og Grafningshreppi
föstudaginn 1. apríl 2016, kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Eggert Valur Guðmundsson og Sæmundur Helgason. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, þ.e. Hörður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur Á. Pétursson og Sigrún Jóna Jónsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í sinni heimbyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Heimsókn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps

Ingibjörg, sveitarstjóri, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn í stjórnsýsluhúsinu að Borg. Hún var með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hún og fulltrúar í sveitarstjórn svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 506. fundar undirrituð.

2. Ársreikningur SASS 2015

Rekstrarafkoma samtakanna var neikvæð um 33,7 m.kr. Af einstökum gjaldaliðum má nefna að lífeyrisskuldbindingar samtakanna hækkuðu milli ára um 23 m.kr. og tap af rekstri almenningssamgangna var ríflega 10 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé tæpar 4 m.kr. í lok ársins. Ársreikningur lagður fram og staðfestur.

3. Samstarfssamningur

Framkvæmdastjóri kynnti nýgerðan samstarfssamning við Þekkingarsetrið Nýheima á Höfn.

Fram kom að Nýheimar hafa ráðið Guðrúnu Ásdísi Sturlaugsdóttur til starfa. Einnig koma fram að í mars sl. hélt SASS velheppnaðan fund með samstarfsaðilum sínum þar sem farið var yfir starfið framundan.

Loks fór formaður yfir fund sem hann og framkvæmdastjóri áttu nýverið með stjórn Byggðastofnunar en þar var farið yfir málefni sem efst eru á baugi á Suðurlandi auk þess sem fjallað var um skipulagsbreytingar hjá samtökunum.

4. **Málþing um framtíð háskólastarfsemi á Suðurlandi**

Framkvæmdastjóri kynntu drög að málþing um háskólastarfsemi á Suðurlandi sem unnin var í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning málþingsins til samræmis við framlagt minnisblað og umræður sem fram fóru á fundinum.

Ráðgert er að halda málþingið 26. apríl nk. á Hótel Selfossi.

5. **Samgönguáætlun 2015-2018**

Stjórn SASS áréttar umsögn sína um tillögu til þingsályktunar á Alþingi um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018.

Almennt: Við skiptingu fjármuna er eðlilegast að horfa á landið í heild, beina þarf fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf framkvæmdum á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð sérstök hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna.

Almenningssamgöngur: Gildi almenningssamgangna í byggðapróun er mikið. Í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir hækkingum vegna almenningssamgangna, óbreytt framlag á milli ári. Skorað er á ríkisvaldið að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið og jafnframt verði tillit tekið til breytinga á endurgreiðslu olúgjalds til að tryggja megi skilvirka og góða þjónustu.

Umferðaröryggi: Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauðnu fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Í samgönguáætluninni er einungis gert ráð fyrir því að endurnýja 6-7% af flatarmáli bundins slitlags á hverju ári en hlutdeildin ætti að vera nær 10-12%. Lagt er til að lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næstu árum.

Fækkun einbreiðra brúa: Því er sérstaklega fagnað að í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að brúargerð yfir Hornafjarðarfjót verði flýtt. Við það fækkar um þrjár einbreiðar brýr á hringveginum og hann styttest sem nemur 11 km. Ný brú yfir Morsá tekur af lengstu einbreiðu brú landsins.

Áfram verður að leggja áherslu á nauðsyn þess að bæta samgöngumál í V- og A-Skaftafellssýslum. Farið verði hraðar í fækkun annarra einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætluninni en fjöldi þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða 17 þegar framgreindum framkvæmdum er lokið. Enga áætlun er að sjá um hversu hratt verður farið í að fækka þeim. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningsleiðir og auka öryggi vegfarenda.

Suðurlandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss: Stjórn SASS lýsir yfir ánægju sinni með að í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir vegabótum á milli Selfoss og

Hveragerðis. Þó hefði verið skynsamlegra að byggja veg með 2 + 2 sniði þar sem umferð um veginn er mikil. Það er mikilvægt að forgangsakstur geti gengið greiðlega fyrir sig og tafir á leiðinni verði ekki með þeim hætti að lífi sjúklinga standi ógn af. Vegur með 2+1 sniði og vegriði á milli gæti valdið slíkri ógn.

Hafnir: Lögð er áhersla á að tryggt verði fé til dýpkunar sunnlenskra hafna, þ.e. Hornafjarðarhafnar, Landeyjahafnar, Vestmannaeyjahafnar og Þorlákshafnar. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn innsiglingar um Hornafjarðarós Grynnslin.

Það er fagnaðarefni að endurbætur hafnarinnar í Þorlákshöfn séu hluti samgönguáætlunarinnar. Endurbæturnar eru mikilvægt hagsmunamál fyrir Suðurland en höfnin er stórt tækifæri til öflugrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt en áætlað fjármagn til verksins á tímabilinu er aðeins um fjórðungur af heildarkostnaði skv. frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt: Lögð er áhersla á að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.

Lokaorð: Á vef Vegagerðarinnar kemur fram að umferðin í mars á þjóðvegi eitt hafi aukist um ríflega tuttugu prósent frá sama mánuði í fyrra. Aldrei hefur mælst jafn mikil aukning milli mánaða á hringveginum, mismunandi tímasetning páska skýrir þetta að einhverju leyti en talið er líklegt að umferð erlendra ferðamanna skýri aukninguna að miklu leyti.

Þar kemur jafnframt fram að umferðin um Mýrdalssand hafi aukist um 83% og hefur verið að aukast gríðarmikið undanfarin ár, til dæmis jókst umferðin um sandinn um 77% milli aprílmánaða 2013 og 2014.

Framgreint undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að stórauka þarf framlög til viðhalds á núverandi vegakerfi til að tryggja öryggi vegfarenda.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

a) Ísland ljóstengt

Farið var yfir stöðu málsins og því sérstaklega fagnað að umsóknarfresturinn hafi verið lengdur.

b) Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað til kynningar. Fundur samráðsvettvangs er fyrirhugaður 12. apríl nk. og eftir þann fund fara línur að skýrast.



c) Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður verkefnisstjórnar fór yfir stöðuna. Fram koma að styrkveitingar Uppbyggingarsjóðs á síðasta árs voru samtals 159 og 130 verkefnum er enn ólokið.

Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að úthlutað verði 40 m.kr. við fyrri úthlutun sjóðsins og umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.

Fagráð eru óbreytt á milli ára en ein breyting hefur orðið á verkefnisstjórn. Samráðvettvangur verður kallaður saman 12. apríl nk.

Framlög til sóknaráætlana á Suðurland er 103.087.717.- kr. á árinu 2016 sem er hækkun um 13,8% á milli ára.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 6. maí nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:55

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Eggert Valur Guðmundsson
Bjarni Guðmundsson